

Vopnafjarðarhreppur
Magnús Már Þorvaldsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100078/bs

Framræsla lands - Engihlíð og Svínabakkar. Umsögn

Vísað er til bréfs Vopnafjarðarhrepps dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um framræslu mýrlendis á jörðunum Engihlíð og Svínabakka í Vopnafirði.

Í upphafi var ráðgert að ræsa fram allt að 55 ha samtals á báðum jörðum. Í svari Skipulagsstofnunar dags. 6. nóvember sl. um fyrirhugaða framræslu 35 ha mýrlendis í Engihlíð kemur fram það álit Skipulagsstofnunar að framræsla mýrlendis allt að 35 ha. í landi Engihlíðar teljist tilkynningarskyld til stofnunarinnar til ákvörðunar um matsskyldu vegna umfangs framræslunnar umfram 10 ha.

Landeigendur hafa nú ákveðið að ræsa fram minna svæði eða 3,5 ha í landi Engihlíðar og heldur stærra svæði í landi Svínabakka. Skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt ef framkvæmdir hafa í för með sér rask á mýrum eða flóum 3 ha eða stærri.

Í þeim áfanga framræslunnar sem hér um ræðir er fyrirhugað að ræsa fram um 50 m breiða spildu í landi Engihlíðar neðan Sunnudalsvegur og um 100 m breiða spildu neðan Sunnudalsvegur í landi Svínabakka.


Umhverfisstofnun telur að við lagningu Sunnudalsvegur þvert á vatnshalla mýrlendis hafi vatnsstreymi um mýrina verið raskað og því gæti hafa þornað allt að 125 m breið spilda neðan vegar og teljist sá hluti því raskað votlendi. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaða framræslu á efstu stykkjum neðan Sunnudalsvegur.


Umhverfisstofnun telur að hlífa ætti neðsta hluta svæðisins sem liggur að Hofsa þar sem gera má ráð fyrir að mýrin sé blautust. Hafa ætti samráð við Votlendissetur á Hvanneyri um hvernig best verði að standa að verndun þess svæðis.

Umhverfisstofnun telur að í tilvikum eins og því sem hér um ræðir sé betra að fjalla í upphafi um allt það svæði sem fyrirhugað er að ræsa fram í náinni framtíð í stað þess að fjalla um hluta framkvæmdarinnar í hvert sinn. Slíkt verklag geri umsagnaraðilum og leyfisveitendum erfitt um vik þar sem ekki er unnt að skoða framkvæmdina og mögulegar mótvægisáðgerðir í

samhengi og þannig hugað að verndun og nýtingu vottendis.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri
Afrít: Skipulagsstofnun


Björn Stefánsson
sérfræðingur